

Þessum úrslitum málsins eigi greidd nein málf lutningslaun, en málsfærslan af hans hendi hefur verið lög-
mæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði lögreglurjettardómur á að vera ó-
raskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 21. maímánaðar.

Nr. 18/1894:

Rjettvísinn

gegn

Þorsteini Marías Pálssyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Skagafjarðarsýslu, uppkveðn-
um 2. febr. p. á., var hinn ákærði Þorsteinn Marías
Pálsson dæmdur fyrir þjófnað samkvæmt 230. gr. í al-
mennum hegningarlögum 25. júní 1869 til að sæta 2
sinnum 5 daga fangelsi við vatn og brauð, og til að
greiða allan sakarkostnað, þar á meðal 4 kr. sem máls-
varnarlaun í hjeraði til hreppstjóra Jóns Jónssonar á
Hafsteinsstöðum. Þessum dómi hefur verið áfrýjað til
yfirdómsins bæði af hálfu hins ákærða og fyrir hönd
hins opinbera.

Það er sannað í málinu með eigin játningu á-
kærða sjálfs, sem er í samhljóðan við önnur upplýst
atvik sakarinnar, að hann hafi hinn 24. nóvember f. á.
tekið poka með ýmsum vörum í, sem hafði verið skil-
inn eptir við skipsenda skammt frá verzlunarbúðardyr-
um kaupmanus Popps á Sauðárkróki; gjörði hann þetta

til þess að stela pokanum, en eigi vissi hann hvað í pokanum var, þó hann sæi að einhverjar vörur væru í honum. Pokanum kastaði hann inn undir bát, til þess að fela hann þar. Um kvöldið sama daginn kl. um 10 fór hann svo til að sækja pokann, og var hann þá eigi alveg á sama stað, eins og hann hafði skilið við hann; en þegar hann nú tók pokann upp til þess að fara með hann burtu, komu menn þar að honum, og varð hann þá að sleppa pokanum, sem síðan hefur verið afhentur eigandanum. Í pokanum voru verzlunarvörur sem höfðu verið keyptar fyrir 12 kr. Þegar ákærði tók pokann, var hann nokkuð ölvaður, en eigi svo eptir því sem upplýst er í málinu og eptir annari framkomu hans, að það geti haft áhrif á sakhæfi hans.

Þetta athæfi hins ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefur áður verið dæmdur fyrir neinn glæp, er af undirdómaranum rjettilega heimfært undir 230. gr. almennra hegningarlaga, en 5 daga fangelsi við vatn og brauð þykir nægileg refsing fyrir brotið. Með því að yfirdómurinn samþykkir ákvæði aukarjettardómsins um málskostnað, ber að staðfesta tjeðan dóm með áminnztri breytingu á refsingunni. Hinn ákærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra. Það vottast að rekstur málsins í hjerði hafi verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminu lögmat.

Því dæmist rjett að vera :

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður, þó svo að refsingin sje 5 daga fangelsi við vatn og

brauð. Hinn ákærði, Þorsteinn Marías Pálsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málsfærslumanns Eggerts Briem og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 14/1894:

Rjettvísín
gegn
Ólafi Ólafssyni.

D ó m u r :

Mál þetta var höfðað í hjerði gegn hinum ákærða húsmanni á Ísafirði, Ólafi Ólafssyni, fyrir rangan vitnaframburð og meinsæri, og var það dæmt í aukarjetti Ísafjardarkaupstaðar 3. jan. þ. á. þannig, að ákærði samkvæmt analogíu 149. gr. almennra hegningarlaga skyldi sæta fangelsi við vatn og brauð í 5 daga, svo og greiða allan kostnað rannsóknarinnar og sakarinnar gegn honum, þar með talin málsvarnarlaun til Jóns kandidats Þorvaldssonar 6 krónur. En dómi þessum hefur samkvæmt ósk hins dómfella verið skotið til yfirdómsins.

Í lok rjettarprófanna lýsti ákærði því yfir, að gefnu tilefni frá prófdómarans hálfu, að hann óskaði að sjer yrði skipaður talsmaður í málinu, og kaus til þess sýslumann Skúla Thoroddsen. Dómarinn fór þó eigi að ósk ákærða í þessu efni, heldur skipaði honum talsmann, ofan nefndan Jón kandidat Þorvaldsson, sem er náskyldur (systurson) aðal-mótvitnis ákærða, Gríms Jóns-